

Bókun á 1547. flugráðsfundi 2. apríl 2009
um “Verkefnastofn um flugöryggi – flugöryggisáætlun 2009-2012”.

Flugráð hefur á fundi sínum 2. apríl 2009 fjallað um “Verkefnastofn um flugöryggi-flugöryggisáætlun 2009-2012”. Ástríður S. Thorsteinsson, formaður stýrihópsins sem vann verkið, gerði grein fyrir áætluninni á fundinum.

Flugráð telur verkefnastofninn til vitnis um, að öryggi í flugi er sístætt forgangsmál og þar verður að standa að verkum eins og best verður á kosið. Í verkefnastofninum koma fram tillögur sem gætu bætt öryggi, eftirlit og þjónustu enn frekar í flugstarfsemi. Mikilvægt er að reglur séu skýrar, hlutverk og ábyrgð viðkomandi aðila afmörkuð og skilvirkni með gegnsæi höfð að leiðarljósi. Þar gildir að samstarf með hinum mörgu aðilum sem að flugöryggi koma sé klárt og traust. Hins vegar hljóta öryggismál í flugi fyrst og fremst að byggjast á alþjóðlegum kröfum og reglum og þar með þeirri aðferðafræði sem þar er viðhöfð. Þar með er byggt á þeim grunni sem best hefur reynst og notið trausts samkvæmt alþjóðlegu eftirliti. Þar gegnir Flugmálastjórn lykilhlutverki og varast ber að færa fé frá þeim málaflokki yfir til verkefna tengt verkefnastofni. Þó verður að gæta vel að sérstökum aðstæðum innanlands eins og gert er í fyrirbyggjandi verkefnisstofni og mikilvægt ef unnt er að koma vel skilgreindum verkefnum í farveg og tryggja þeim fjármögnun á þessu ári. Flugráð tekur undir þörfina á að heildstæð stefna til næstu ára verði mótuð í flugmálum á breiðum grundvelli.